

Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Selfoss, 19. janúar 2021
Tilvísun: 1906699

Efni: Beiðni um umsögn vegna sjókvíaeldis Háafells ehf í Ísafjarðardjúpi.


Matvælastofnun hefur til meðferðar umsókn um rekstrarleyfi frá Háafelli ehf vegna sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi. Sótt er um 6.800 tonna hámarkslífmassa á ári af laxi sem alinn yrði á þremur árgangasvæðum í Ísafjarðardjúpi sem nánar er gert grein fyrir í matsskýrslu fyrirtækisins. Frjór lax yrði alinn á tveimur af þremur árgangasvæðum, þ.e. Álftafirði, Seyðisfirði og Kofradýpi (árgangasvæði A) og Skötufirði (árgangasvæði D). Með þessu fyrirkomulagi yrði hægt að ala frjóan lax tvö ár af þremur. Þriðji árgangurinn yrði eldi á ófrjóum laxi við Bæjarhlíð og Kaldalón (árgangasvæði B), innan við Æðey. Fyrir hefur félagið rekstrarleyfi fyrir 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski. En það leyfi mun falla niður við útgáfu nýs rekstrarleyfis.

Í samræmi við 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi óskar Matvælastofnun hér með eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðihrífa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdin var háð mati á umhverfisáhrifum en nánari upplýsingar má finna í matsskýrslu Háafells ehf sem barst Skipulagsstofnun í október árið 2020 og í álit Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Umsögn óskast send Matvælastofnun fyrir 9. febrúar 2021 og einnig á tölvupóstfang: karl.oskarsson@mast.is. Ef ákveðið verður að veita ekki umsögn er þess óskað að staðfesting þar um verði send á fyrrgreint tölvupóstfang.

Virðingarfyllt
f.h. Matvælastofnunar



Karl Steinar Óskarsson
Sérfræðingur fiskeldis

Meðfylgjandi fylgigögn:

1. Fylgiskjal 1: Matsskýrsla Háafells.
2. Fylgiskjal 2: Álit Skipulagsstofnunar.